

Miðvikudaginn 23. nóvember 1994.

Nr. 456/1994.

Kristín Árnadóttir

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

Guðrúnu Guðbjartsdóttur

Lilju Guðbjartsdóttur

Vigdísi Guðbjartsdóttur og

Þórarni Sveinssyni yfirlækni

(Hlöðver Kjartansson hdl.)

Kærumál. Læknar. Þagnarskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. nóvember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. þessa mánaðar. Kæruheimild er í d-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Í kæru eru engar kröfur gerðar, en sýnilegt er af efni hennar og þeim gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, að úrskurðurinn er kærður í þeim tilgangi, að hann verði úr gildi felldur. Fyrir Hæstarétti hefur sóknaraðili staðfest þetta, og krefst hann nú einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðilarnir Guðrún, Lilja og Vigdís Guðbjartsdætur kærðu einnig sama úrskurð fyrir sitt leyti með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjaness 16. nóvember sl. Þær krefjast þess aðallega, að Þórarinn Sveinsson yfirlæknir verði skyldaður til að leggja fram staðfest endurrit sjúkraskrár Guðbjarts heitins Benediktssonar. Til vara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur „um annað en tímatakmörkun við 20. og 25. janúar 1993“.

Fyrir Hæstarétti hefur verið upplýst, að í héraði hafi kröfum varnaraðilanna Guðrúnar, Lilju og Vigdísar Guðbjartsdætra verið beint að Þórarni Sveinssyni, yfirlækni krabbameinslækningadeildar Landspítalans, og í þinghaldi því, þar sem krafan var tekin fyrir, hafi Guðríður Þorsteinsdóttir héraðsdómslögmaður mætt fyrir hans

hönd og Landspítalans. Verður því að líta á Þórarin sem varnaraðila í þessum þætti málsins. Hann hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er til komið vegna ágreinings, sem kom upp við opinber skipti á dánarbúi Guðbjarts Benediktssonar, en hann lést 7. mars 1993. Varnaraðilarnir Guðrún, Lilja og Vigdís, sem eru dætur hins látna og einkalögregfingjar, og sambýliskona hans, sóknaraðilinn Kristín Árnadóttir, deila um það, hvort eignaskiptasamningur um fasteign og samkomulag, sem Guðbjartur heitinn og sóknaraðili gerðu og þinglýst var skömmu fyrir lát hans, teljist lífsgerningur eða dánargjöf.

Kæra af hálfu varnaraðilanna Guðrúnar, Lilju og Vigdísar Guðbjartsdætra kom ekki fram í tæka tíð, sbr. 1. mgr. 144. gr. laga nr. 91/1991. Koma kröfur þeirra um breytingar á hinum kærða úrskurði því ekki til álita.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar og þar sem kröfur varnaraðila samkvæmt fyrrnefndri kæru koma ekki til álita, þykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að þess var ekki gætt af hálfu varnaraðilanna Guðrúnar, Lilju og Vigdísar Guðbjartsdætra að leggja fyrir héraðsdómara skriflegt umboð til lögmanns þeirra til að krefjast gagnanna, sem mál þetta varðar, en úr þessu var bætt við meðferð málsins fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 24. október 1994.

Á dómþingi 14. október 1994 var tekin fyrir krafa Hlökkvers Kjartanssonar hdl. fyrir hönd varnaraðila í málinu um, að Landspítalinn yrði skyldaður til þess með úrskurði að afhenda dóminum læknskýrslu (journal), hjúkrúnarskýrslu, sjúkraskýrslu og önnur vottorð og gögn, sem þýðingu geta haft í málinu. Eftir að lögmennt aðila og ríkisspítala höfðu tjáð sig um kröfuna, var hún tekin til úrskurðar.

Í kröfunni er vísað til áskilnaðar í greinargerð um öflun frekari sönnunargagna, sem varða veikindi þau, er drógu Guðbjart heitinn Benediktsson

til dauða og haft geta þýðingu við mat á því, hvort gerningar, dags. 20. og 25. janúar 1993, verði metnir dánarbeðsgerningar. Gögnin séu nauðsynleg til að leiða í ljós, hvenær Guðbjarti heitnum hafi orðið kunnugt um, að hann var haldinn krabbameini, hvort sjúkdómurinn var banvænn, eftir atvikum virt á almennan reynslumælikvarða, hvernig framvinda hans var, hverjar batahorfur voru og hvað lækna eða aðrir þeir, sem stunduðu hann, hafa tjáð honum um eðli meinsins og lífsvon hans. Vísað er til þess, að skiptastjóra dánarbúsins hafi verið synjað um vottorð læknis á geisladeild um þessi efni.

Lögmaður sóknaraðila mótmælti kröfunni. Ef niðurstaða dómsins verði sú, að afla eigi upplýsinga, eigi að gera það með þeim hætti að leggja ákveðnar spurningar fyrir lækni.

Lögmaður ríkisspítala taldi ekki heimilt að láta gögnin í té nema samkvæmt úrskurði dómara. Æskilegra væri, að ákveðnar spurningar yrðu lagðar fyrir yfirlækni um þau atriði, sem nauðsynlegt sé talið að upplýsa.

Niðurstöður.

Til að komast að niðurstöðu um, hvort gerningar, dags. 20. og 25. janúar 1993, verði metnir lífsgerningar eða dánarbeðsgerningar, skiptir máli að leiða í ljós, hvort sjúkdómur sá, sem Guðbjartur heitinn Benediktsson var haldinn, var talinn banvænn og hvernig framvinda hans var og hverjar batahorfur voru. Einnig skiptir máli, hver vitneskja hans sjálfs var um sjúkdóminn. Þetta verður ekki leitt í ljós nema með upplýsingum úr sjúkraskrá og/ eða framburði lækna og eftir atvikum annarra.

Samkvæmt 3. mgr. 67. gr. einkamálalaga nr. 91/1991 er vörslumanni skjals, sem ekki er aðili að máli, skylt að afhenda aðila skjal, ef honum er skylt að vitna um það, sem í því stendur. Í 15. gr. læknalaga nr. 53/1988 er ákvæði um þagnarskyldu lækna, en frá henni eru undantekningar. Ljóst þykir, að mat á því, hvort gerningarnir verði metnir dánarbeðsgerningar, veltur á því og þar með e. t. v. úrslit málsins, sem upplýsast kann um veikindi Guðbjarts heitins og hver vitneskja hans sjálfs var um þau. Þar sem ætla má, að úrslit málsins gætu samkvæmt því oltið á vitnisburði læknis, bæri lækni skv. 4. mgr. 15. gr. læknalaga sem vitni í einkamáli að skýra frá öllu, sem hann veit og telur, að hugsanlega geti haft áhrif á málið, án tillits til vilja sjúklings. Þykir því fullnægt skilyrði 3. mgr. 67. gr. einkamálalaga fyrir skyldu til afhendingar skjals.

Sjúkraskrá hefur að geyma öll gögn um viðkomandi sjúkling. Vitna-skylda læknis nær einungis til þess af vitneskju hans, sem áhrif hefur á mál-ið. Þykir því ekki unnt að fallast á, að framlagning úr sjúkraskrá Guðbjarts heitins Benediktssonar nái til annars en endurrits af því, sem lá fyrir 20. og

25. janúar 1993 og þýðingu getur haft í málinu. Samkvæmt þessu verður Landspítalinn úrskurðaður til að afhenda dóminum endurrit gagna úr sjúkraskrá Guðbjarts heitins Benediktssonar, sem varpað geti ljósi á, hvenær honum varð kunnugt um, að hann var haldinn krabbameini, hvort sjúkdómurinn var talinn banvænn, eftir atvikum virt á almennan reynslumælikvarða, hvernig framvinda sjúkdómsins var og hverjar batahorfur voru og hvað læknað eða aðrir þeir, sem stunduðu hann, höfðu tjáð honum um eðli meinsins og lífsvon allt fram til 20. og 25. janúar 1993.

Þorgerður Erlendsdóttir fulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Landspítalanum er skylt að afhenda Héraðsdómi Reykjaness endurrit af gögnum úr sjúkraskrá Guðbjarts heitins Benediktssonar, sem varpað geta ljósi á, hvenær honum varð kunnugt um, að hann var haldinn krabbameini, hvort sjúkdómurinn var talinn banvænn, eftir atvikum virt á almennan reynslumælikvarða, hvernig framvinda hans var, hverjar batahorfur voru og hvað læknað og aðrir þeir, sem stunduðu hann, tjáðu honum um eðli meinsins og lífsvon hans allt fram til 20. og 25. janúar 1993.
